

## Tillaga

**Viðtakandi:** Bæjarráð Mosfellsbæjar

**Efni:** Heimild til að sækja um styrk til að ljúka ljósleiðaravæðingu í þéttbýli Mosfellsbæjar

**Dags:** 08.08.2024

**Málsnúmer:** 202407093

**Sendandi:** Lárus Elíasson

### Tillaga:

Óskað er eftir að bæjarráð heimili að óska styrks frá fjarskiptasjóði til að ljúka ljósleiðaravæðingu lögheimila utan markaðssvæða í þéttbýli í sveitarfélaginu. Styrkhæf staðföng í Mosfellsbæ eru 70. Styrkfjárhæð er kr. 80.000 fyrir hvert styrkhæft staðfang og tekur til jarðvinnu vegna lagningar ljósleiðara.

Áður en framkvæmdir hefjast á grundvelli styrks frá sjóðnum þarf sveitarfélagið að kanna eftirfarandi:

- Hvort fjarskiptafyrirtæki hyggjast tengja styrkhæf heimilisföng á markaðslegum forsendum.
- Hvort fjarskiptafyrirtæki hyggjast leggja og tengja eigið ljósleiðaranet í skurði/lagnaleiðir sem sveitarfélagið kostar.

### Greinargerð:

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra kynnti í byrjun júlí áform um að klára ljósleiðaravæðingu landsins. Opinbert markmið stjórnvalda um aðgengi að ljósleiðara var að allir þéttbýlisstaðir og byggðakjarnar á landinu myndu ná 80% hlutfall tengdra lögheimila fyrir árslok 2028. Samkvæmt nýjum áformum er markmið að stuðla að 100% aðgengi fyrir árslok 2026, á grundvelli samvinnu við íbúa, sveitarfélaga, fjarskiptafyrirtækja og ríkisins. Hin nýju áform eru framhald af verkefninu *Ísland ljóstengt*, en markmið þess var að koma ljósleiðaratengingu í dreifbýli þar sem markaðsforsendur væru ekki fyrir hendi. Tók Mosfellsbær þátt í því verkefni með ljósleiðaravæðingu í dreifbýli Mosfellsbæjar.

Engar kvaðir eru á ríki og sveitarfélögum að útvega lögheimilum eða öðrum staðföngum ljósleiðaratengingu.

Styrkhæf staðföng eru þau heimilisföng í þéttbýli (200+ íbúar og byggðakjarnar með 50-199 íbúum) sem ekki eru tengd ljósleiðara og engin áform eru um slíka tengingu á markaðslegum forsendum samkvæmt niðurstöðu áformskönnunar Fjarskiptakönnunar sl. vor. Samkvæmt áformskönnuninni ná tilkynnt áform um uppbyggingu ekki til um ekki til um 4.900 ótengdra heimilisfanga í þéttbýli með rúmlega 5.600 lögheimilum. Í Mosfellsbæ eru staðföngin 70.

Styrkur frá ríkinu er föst fjárhæð kr. 80.000 fyrir hvert styrkhæft heimilisfang og getur sveitarfélag innheimt styrkinn þegar ljósleiðari er kominn inn fyrir húsvegg. Sú upphæð jafngildir áætluðum meðaltals jarðvinnukostnaði fyrir hvert heimilisfang og er jafnframt sambærileg upphæð og

fjarskiptafyrirtæki setja upp sem tengigjald fyrir lögheimili í þéttbýli á markaðsforsendum. Samþykki öll viðkomandi sveitarfélög slíkt tilboð og ná að tengja öll heimilisföngin þá áætlað ráðuneytið að kostnaður ríkisins verði 392 m.kr.

Til þess að tryggja að listi yfir styrkhæf heimilisföng sé sem réttastur þarf að kanna eftirfarandi áður en hafnar eru framkvæmdir á grundvelli styrks frá sjóðnum:

- a) Hvort fjarskiptafyrirtæki hyggist tengja viðkomandi heimilisföng á markaðslegum forsendum þrátt fyrir allt.
  - a. Komi fram upplýsingar um slík þá eru viðkomandi heimilisföng ekki lengur styrkhæf.
- b) Hvort fjarskiptafyrirtæki hyggjast leggja og tengja eigið ljósleiðaranet í skurði/lagnaleiðir sem sveitarfélagið kostar.
  - a. Ef eitt eða fleiri fjarskiptafyrirtæki eða opinber aðili býður sig fram þá eru forsendur fyrir sveitarfélagið að hefja framkvæmdir.
  - b. Ef ekkert fjarskiptafyrirtæki eða opinber aðili býður sig fram þá eru engu að síður forsendur fyrir sveitarfélagið að hefja framkvæmdir, enda hyggst sveitarfélagið leggja og tengja eigið ljósleiðarakerfi.

Fjármögnun ríkisins er þegar tryggð með fjárveitingum fjarskiptasjóðs árin 2024 - 2025 og aðgerðar A.1. í byggðaaáætlun árin 2024 -2026. **Sveitarfélög hafa til 16. ágúst að tilkynna hvort þau þiggja tilboðið og verður gengið til samninga strax í kjölfarið.**

Ekki er áformað að sveitarfélagið hafi kostnað af þessu fyrir utan kostnað af umsjón verkefnisins, sem vísa má til MosVeitna.

*Virðingarfyllt,  
Lárus Elíasson, leiðtogi MosVeitna*

#### **Fylgiskjöl.**

1. Erindi háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunaráðuneytis
2. Skilmálar fjarskiptasjóðs